

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 2. tbl. 12. árg

Október og nóvember 2022

Komið þið sæl og blessuð



Þá erum við farin af stað inn í nýtt skólaár á tveimur starfsstöðvum.

Framkvæmdir hafnar við A-álmu og skólastarfið blómstrar.

Áherslur starfsins á árinu snúast um Jákvæðan aga, lestur og læsi. Auk þess vinnum við með lykilhæfni í námsmati og eflingu nemenda til þátttöku í eigin námi.

Innra mat skólans er ofarlega á baugi og að mæta þörfum sem koma fram í niðurstöðum kannana innra matsins.

Við fylgjum Menntastefnu Akureyrarbæjar og hugum að því að verða heilsueflandi skóli auk þess að fylgja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leggja grunn að því að verða réttindaskóli.

Framundan eru fjörugir mánuðir í skólastarfinu með þemadögum, Reykjaferð og Glerárvísið svo eitthvað sé talið. Viðtalsdagur verður í lok október og honum fylgir haustfrí. Áður en varir verðum við farin að raula „Snjókorntalla“ en geymum það aðeins lengur og njótum haustsins.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk vikupósta frá kennurum.

Í sameiningu og með jákvæðni tekst okkur að skapa frábæran skóla fyrir krakkana okkar svo þeir styrkist og eflist með hverju skrefi.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Umferðin í skammdeginu - Myrkur, bílar, börn

Nú er skammdegið óðum að hellast yfir okkur og ljósaskiptin geta verið varasöm í umferðinni þegar börnin okkar eru á leiðinni til skóla. Akureyrarbær hefur nú um nokkurn tíma brýnt fyrir bílstjórum og öllum bæjarbúum að fara afar varlega í umferðinni. Það dimmir skjótt á kvöldin, bráðlega verður rökkvað á morgnana þegar börnin okkar arka af stað í skólann, gangandi og hjólandi. Við brýnum fyrir



forráðamönnum að gæta þess að hjól barna séu vel búin og ljósabúnaður í góðu lagi auk þess sem allir eru hvattir til að setja endurskinsmerki á töskur og föt barnanna. Verum árvökul og höfum augun hjá okkur. Eitt slys er einu slysi of mikið.

Mínum alla á að nýta sleppisvæðið til að hleypa nemendum út eða inn í bíla en nota ekki bílastæðið til þess þar sem það getur verið mjög hættulegt.

Bendum síðan á reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum sem finna má á heimasíðu skólans.

<https://glerarskoli.is/wp-content/uploads/2020/10/Reglur-Gler%C3%A1rsk%C3%B3la-um-farart%C3%A6ki-%C3%A1-hj%C3%B3lum-2020.pdf>

Útivistartími og svefn

Útivistartími barna og unglinga:

Við hvetjum alla forráðamenn til að fara að reglum um útivistartíma barna sem er eftirfarandi:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. **20:00**

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. **22:00**

Stöndum saman, fylgjum lögum, höldum vel utan um krakkana okkar og munum að okkar er ábyrgðin.

Svefn barna á skólaaldri:


Á aðalfundi Foreldrafélags Glerárskóla var fyrirlestur um svefn barna þar sem Nanna Ýr Arnardóttir, lektor við HA, fór yfir svefnþörf nemenda.

Rannsóknir sýna að börnin okkar þurfa góðan svefn til að vaxa og dafna.

Eðlilegur svefntími barna á skólaaldri er frá 8-11 klukkustundir á sólarhring

Það skiptir því miklu máli að börnin okkar fari að sofa fyrir klukkan 10:00 á kvöldin svo þau nái þeirri hvíld sem talin er nauðsynleg.

Hér koma upplýsingar um nokkrar síður sem fjalla um svefn barna og eru fengnar hjá Nönnu Ýr.



- Fræðsluefni um svefn barna á Heilsuveru
<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/svefn-og-hvild/svefn-og-uppeldi/6-12-ara/>
- Hugræn atferlismeðferð á netinu við svefnerfiðleikum fullorðinna, www.betrisvefn.is
- Embætti landlæknis, þar sem sjá má aðgeraráætlun er varðar vitundarvakningu gagnvart svefni, www.landlaeknir.is/sofumbetur
- Heilsuhegðun ungra Íslendinga – þarna voru m.a. gerðar hlutlægar mælingar á svefni unglunga, <https://heilsuhegdun.hi.is/>
- Heilsuhegðun ungra Íslendinga – hlaðvarp, <https://heilsuhegdun.hi.is/hladvarp/>

Ábyrgð og skyldur

Stjórnendur Glerárskóla vilja benda forráðamönnum á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem finna má á eftirfarandi slóð:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/17942>

Sem forráðamönnum berum við ábyrgð á börnum okkar hvar sem þau eru og sem skólasamfélag ber okkur að starfa saman að því að mennta nemendur eins og best verður á kosið.

Framkvæmdir við Glerárskóla

Nú eru farnar af stað framkvæmdir við A-álmu Glerárskóla og geysast þær áfram. Búið er að rífa nánast allt þakið og byrjað að setja upp loftræstistokka og loka aftur. Þegar þaki er lokið verður farið í útgröft frá álmunni báðum megin en þegar honum er lokið verður farið í framkvæmdir innan dyra. Við bendum á að á meðan gröftur á sér stað verður mikið um þungaflutninga við skólann og því þurfa nemendur að fara sérstaklega varlega á þeim tíma.



Nemendaráð á fullri ferð

Nemendaráð Glerárskóla er nú komið á fulla ferð í skipulagningu og þátttöku í skólastarfinu. Nú þegar hefur verið ákveðin dagsetning á **Rósaballinu** víðfræga en það verður haldið **fimmtudaginn 13. október komandi**. Í framhaldinu verður síðan, án nokkurs efa, margt skemmtilegt á dagskránni.



Fatamerkingar

Biðlum til forráðamanna að **merkja fatnað nemenda** vel. Oft á tíðum verða eftir í skólanum dýr og fín föt sem ekki er gott að glata en ef þau eru merkt eru meiri




líkur á að þau skili sér á réttan stað.

Skipulagsdagur, viðtalsdagur og haustfrí

Miðvikudaginn 19. október verður **skipulagsdagur** í Glerárskóla. Þann dag eru nemendur í fríi og Frístund lokuð.

Fimmtudaginn 20. október verður **viðtalsdagur** þegar nemendur og forráðamenn heimsækja umsjónarkennara og taka stöðuna á námi og líðan barnanna í skólanum. Skráning á viðtalsdag hefst mánudaginn 10. október fyrir systkini í skólanum. Miðvikudaginn 12. október opnar síðan skráning fyrir alla og henni lýkur sunnudaginn 16. október. Leiðbeiningar um skráningu hafa verið sendar til allra í tölvupósti.



Hautfrí í grunnskólum Akureyrarbæjar tekur síðan við föstudaginn 21. og mánudaginn 24. október. Skóli hefst aftur samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. október 2022.

„Mikilvægustu hlutir í heimi, eru fjölskylda og væntumþykja.“

Höf. John Wooden

Helstu atburðir í október og nóvember 2022

Október 2022	
19. október	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund lokuð
20. október	Viðtalsdagur - nemendur og forráðamenn ræða við umsjónarkennara
21. og 24. október	Hautfrí nemenda og kennara - Frístund opin
Nóvember 2022	
7. nóvember	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund lokuð
10. - 11. nóvember	Þemadagar - skóli til kl. 12:00 - Frístund opin fyrir skráða nemendur
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu

„Ef lífið væri smákaka, væru góðir vinir súkkulaðibitarnir.“

Höf. Ópekkur

Skipulagsdagur og þemadagar í nóvember

Mánudaginn 7. nóvember n.k. er skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag eru nemendur í frí og Frístund lokuð.

Fimmtudaginn 10. og föstudaginn 11. nóvember eru þemadagar í Glerárskóla. Þá daga er skóli frá 8:15 - 12:00. Nemendur fá hádegismat og fara síðan heim kl. 12:00 eða í Frístund.



Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.

Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í **1-2 daga** þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. **Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.**

Ef um **3 daga** eða lengri leyfi er að ræða þarf að **sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans.**

Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minnum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. **Athugið að skrá/tilkynna þarf veikindi daglega.**



„Hversu yndislegt það er að finna einhvern sem biður ekki um neitt nema að fá að vera vinur þinn.“

Höf. Birgitte Nicole

Samstarf við Tónlistarskólann og List fyrir alla

Þriðjudaginn 8. nóvember býður Tónlistarskólinn 2.-4. bekk í Hof á sýninguna „**Sögur af draugnum Reyra**“. Þetta er samstarfsverkefni Tónlistarfélags Akureyrar - MAK og List fyrir alla. Sýningin hefst kl. 9:00 og stendur í 45. mínútur.

Þá munu List fyrir alla og Sviðslistahópurinn Hnoðri í norðri bjóða 1.-4. bekk til tónleika í skólanum í lok nóvember.



Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

